

Umhverfissráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Ríkisstjórn Íslands**
Sendandi: **Umhverfissráðherra**
Dagsetning: **19.03.2010**
Málsnúmer: **UMH10010113**
Brefalykill: **0013**

Efni: Viðbúnaður vegna tilrauna við björgun á hvítabjörnum

Umhverfisstofnun (UST) hefur að beiðni umhverfissráðherra áætlað kostnað við að gera tilraun til björgunar á hvítabjörnum sem ganga á land á Íslandi. UST telur að stofnkostnaður við kaup á útbúnaði og upphafsbjálfun viðbragðshóps sé um 6,5 m.kr. og að kostnaður við björgun hvers dýrs sé um 11,5 m.kr. Rétt er að áréttu að kostnaður getur breyst mikið eftir aðstæðum hverju sinni. Árlegur rekstrarkostnaður vegna þjálfunar og búnaðar er áætlaður um 2 m.kr.

Við mat á kostnaði var gert ráð fyrir að notuð sé stærsta þyrta Landhelgisgæslunnar við björgun og flutning á dýrinu til lokastaðsetningar, t.d. á Grænlandi. Matið var unnið út frá reynslu UST og í samráði við Landhelgisgæsluna, auk þess sem stuðst var við tækjalista Alþjóða dýraverndarsamtakanna (IFAW), sem fram kom í drögum að björgunaráætlun hvítabjarna, sem samtökin afhentu Umhverfisstofnun. Ekki var metinn hugsanlegur kostnaður vegna aðgerða á áfangastað dýrsins.

Nú hafa þrír birnir gengið á land með skömmu millibili, en þar áður liðu 20 ár frá hvítabjarnarkomu. Landgangur hvítabjarna á Íslandi er algengust á hafisárum. Erfitt er að spá um hvort nýlegar komur bjarna þýði auknar líkur á slíkum heimsóknum á komandi árum, eða hvort líkur á þeim fari minnkandi í framtíðinni, þar sem haffisröndin fer hopandi til lengri tíma litið. Þá hefur reynslan sýnt að ekki er hægt að bjarga öllum þeim hvítabjörnum sem hér ganga á land. Yfirleitt þarf að taka skjóta ákvörðun um hvort fella eigi dýr af öryggisástæðum og ef tekst að skapa fljótlega öruggar kringumstæður nálægt dýrinu þurfa aðstæður hverju sinni verða að vera góðar til að hægt sé að reyna björgun, t.d. er varðar veðurfar, dagsbirtu, landslag og ástand dýrsins. Svæfingarlyfi þarf að skjóta af stuttu færi og bana dýrinu ef það ógnar björgunarmönnum; því þarf helst að nota þyrta. Ef tekst að svæfa dýr þarf að rannsaka það m.t.t. hvort ástand þess leyfi flutning, að öðrum kosti gæti þurft að aflífa það. Óvíst er t.d. hvort dýrin tvö sem gengu á land á Skaga í fyrra hefðu þolað flutning eða lifað lengi eftir hann. Þá þarf að tryggja að dýrið sé flutt á stað þar sem fæðuöflun þess og öryggi er tryggt, fjarri mannabyggðum, þar sem Grænlandingar heimila veiðar á um 50 dýrum af aust-grænlenka stofninum á ári hverju.

Tveir kostir eru í stöðunni varðandi undirbúning fyrir hugsanlega frekari komu hvítabjarna til Íslands. Annar er að koma á viðbúnaði sem heimilar tilraunir til að fanga dýr lifandi og flytja til hefðbundinna heimkynna, væntanlega í grænlenka lögsögu. Hinn er að gera ráð fyrir því að dýr sem hingað koma verði felld af öryggisástæðum, en þá þyrfti m.a. að endurskoða lög með þá reglu til hliðsjónar.

Varðandi fyrri kostinn þarf að hafa í huga að mikil óvissa er um árangur tilrauna til að bjarga hvítabjörnum lifandi, en töluverður kostnaður við viðbúnað og hverja björgunartilraun, eins og að ofan greinir. Í skýrslu UST frá 2009 er komist að því að stofnstærðarrök réttlæti ekki tilraunir til björgunar hvítabjarna sem ganga á land á Íslandi; felldir hvítabirnir á Íslandi á þessari öld eru innan við 1% af leyfilegum veiðikvóta við Austur-Grænland á sama tímabili. Það þarf því að skoða önnur rök í því sambandi og finna fjármagn til að koma á viðunandi viðbúnaði við björgunartilraunir, sem er

ekki fyrir hendi í dag. Með fjármagn tryggt væri hægt að vinna nánari viðbragðsáætlun um björgunartilraunir á lifandi hvítabjörnum og hrinda henni í framkvæmd. Hluti af slíkri áætlun væri að tryggja fyrirfram leyfi grænlenkra stjórnvalda fyrir flutning á björnum í lögsögu þeirra.

Verði síðari kosturinn valinn, þarf að tryggja að ítarlegar rannsóknir fari fram á felldum dýrum, sem verði deilt með vísindamönnum á Grænlandi og annars staðar, til að auka þekkingu á hvítbjarnarstofninum, sem kann að eiga undir högg að sækja á komandi áratugum vegna hlýnunar og hopunar hafíss.